

Ed. 361. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 45 frá 17. maí 1938, um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni, og á lögum nr. 39 12. júní 1939, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er framkvæmdanefnd að fyrirskipa, samkvæmt óskum sveitarstjórnar eða upprekstrarfélags, breyting á fjallgöngum, smölun heimalanda og réttum, ef það telst nauðsynlegt til heftingar útbreiðslu veikinnar.

Breytingar þessar skulu bornar undir stjórnir nærliggjandi sveitar- eða upprekstrarfélaga áður en þær eru fyrirskipaðar.

Breytingar þessar teljast ekki brot á fjallskilareglugerðum.

2. gr.

Aftan við síðari málsgr. 18. gr. laganna bætist: Landbúnaðarráðherra er heimilt, eftir tillögum framkvæmdanefndar, að fella niður tíu aura gjaldið í þeim hreppum, sem garnaveikin (Johnesveikin) hefir valdið tjóni.

3. gr.

- a. Niðurlag 1. tölul. 19. gr. laganna (sönnuð ... vaxtakjörum) orðist svo: sönnuð í ársbyrjun árið áður en styrkurinn er veittur. Þau ein lán koma til greina með vaxtastyrk sem stofnað er til vegna búrekstrar viðkomandi manns.
- b. Í stað orðanna „Til sýslu- og hreppavega“ í upphafi 2. tölul. sömu lagagr. komi: Til vegna.

4. gr.

Á eftir 2. málsgr. 22. gr. laganna komi ný málsgrein, þannig:

Heimilt er og að veita fjáreigendum, öðrum en bændum, sem beðið hafa tjón af mæðiveikinni, stuðning til að koma upp fjárstofni aftur, eftir sömu reglum sem gilda um fjárstyrk til bænda í þessu skyni.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.